

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 7.6.2022
UST202103-097/F.T.
08.14.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 24. janúar 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Brandsbölum á Borgarfirði eystri þann 8. september 2021.

Frávikið var eftirfarandi:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 22. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. **Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2020 höfðu ekki borist við eftirlit.**

Einnig var opið frávik frá eftirliti 2019 er varðaði:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 22. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. **Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2018 höfðu ekki borist við eftirlit.**

Þann 19. apríl 2022 bárust niðurstöður skráninga vegna árána 2021, 2020 og 2018. Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur